

06. maí 2015

Borgþór Magnússon  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125  
212 Garðabær

# AFRIT



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 30. apríl 2015  
UST201504-049/P.V.B.  
09.05.01

## Efni: Surtsey - rannsóknaleiðangur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Borgþórs Magnússonar, Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett 10. apríl 2015 þar sem óskað er eftir fararleyfir til Surtseyjar fyrir árlegan leiðangur vísindamanna 13.-17. júlí 2015.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

Unnið verður að eftirfarandi verkefnum í leiðangrinum 2015: Mælingar á gróðri í föstum mælireitum, kortlagning á útbreiðslu háplantna, skordýra- og fuglarannsóknir, rannsóknir á líffræðilegri virkni gróðurs og jarðvegs í föstum mælireitum og jarðfræðirannsóknir. Með í för verður bandarískur vísindarithöfundur og fræðari sem er að vinna að verkefni með Erling Ólafssyni um skordýr og annað lífríki í Surtsey.


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð og gildir leyfið fyrir eftirtalda aðila dagana 13. júlí til 17. júlí. Með í för verður starfsmaður friðlandsins Þórdís V. Bragadóttir.


- **Borgþór Magnússon, NÍ, leiðangursstjóri**, mælingar á gróðri í föstum mælireitum, almennar athuganir á plöntum og fuglum
- Sigurður H. Magnússon, NÍ, kortlagning á útbreiðslu háplantna
- Pavel Wasowicz, NÍ, kortlagning á útbreiðslu háplantna, mælingar á gróðri í föstum mælireitum
- Erling Ólafsson, NÍ, söfnun og rannsóknir á skordýrum og fuglum,
- Matthías Alfreðsson, NÍ, söfnun og rannsóknir á skordýrum
- Kristján Jónasson, NÍ, jarðfræðirannsóknir
- Lovísa Ásbjörnsdóttir, NÍ, jarðfræðirannsóknir
- Bjarni D. Sigurðsson, LBHÍ, mælingar á virkni gróðurs og jarðvegs í föstum reitum, jarðvegsrannsóknir, viðhald á veðurstöð
- Loree Griffin Burns, vísindarithöfundur og fræðari frá Bandaríkjunum, samvinnuverkefni við Erling Ólafsson um skordýr og annað lífríki í Surtsey

Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangurstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í Verndar- og stjórnunaráætlun Surtseyjar sem samþykkt var 2014 fer Umhverfisstofnun fram á að þeir vísindamenn og fjölmiðlamenn sem fá leyfi til að heimsækja Surtsey skili niðurstöðum sínum/lokaafurð (skýrslum, greinum og myndefni) án endurgjalds til Umhverfisstofnunar þar sem þær kunna að nýtast til fræðslu og kynningar á friðlandinu. Miða skal við að afhending niðurstaða/lokaafurðar eigi sér stað eigi síðar en ári eftir að ferð er farin. Ef um er að ræða árleg vöktunarverkefni eða rannsóknarverkefni sem stendur yfir í meira en eitt ár skal skila inn framvinduskýrslu árlega.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agúsdóttir  
Sviðstjóri

  
Þórdís Vilhelmina Bragadóttir  
Sérfræðingur